

# Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur - Fundargerð

Klifurhúsinu, Ármúla 21

Dags: 29.04.2024 kl. 20:00

Fundur númer: 216

Mætt: Emil, Þorgerður, Ágústa, Marinó, Jóhann, Ben, Þura

## Dagskrá

- Undirritun stjórnar á lagabreytingum sem samþykktar voru á aðalfundi
- Undirritun stjórnar á aðalfundargerð
- Undirritun stjórnar á tilkynningu um stjórnarbreytingu
- Undirritun stjórnar á tilkynningu um breytingu á prókúruhafa
- Stjórn ákveður að setja prókúru yfir á Benjamin Mokry en Sara Sturludóttir, rekstrarstjóri, sinnir hlutverki gjaldkera
- Kosning um varaformann: Jóhann Haraldsson
  - Samþykkt einróma
- Kosning um ritara: Marinó Eggertsson
  - Samþykkt einróma
- Kosning um skoðunarmann stjórnar: Ágústa Gunnarsdóttir
  - Samþykkt einróma
- Kosning um fulltrúa ungs fólks: Þorgerður Þórólfsdóttir
  - Samþykkt einróma
- Valdimar Björnsson tilnefndur af stjórn sem fulltrúi hennar í boltasjóð
- Umræður um lagabreytingu varðandi boltasjóð
  - Taka út kjör fulltrúa í boltasjóð og breyta því þannig að stjórn Kfr tilnefnir 3 - 5 aðila í nefndina
  - Marinó skoðar nánar
- Skemmtinefnd skoðar að skipuleggja hópefli eftir Deep water solo keppni á Sjómannadag
- Árshátíð verður haldin í október eftir að mótadagskrá KÍ lýkur
- Prenta út skilti með opnunartímum Á21 og setja í glugga
- Setja upp skilti með leiðbeiningum um hvar móttaka KH er í glugga Á21
  - Bæði á íslensku og ensku
- Hugmyndir um aðgangsstýringu að sal Á21
  - Kóði sem hægt er að fá í afgreiðslu Á23

- Rúllar daglega fyrir öryggi
- Umræða um opnun á rauðum dögum
  - Setja upp ársáætlun og birta á heimasíðu
- Skráning á sumarnámskeið gengur vel og skipulag liggur fyrir þannig að umferð almennra klifrara í Á21 trufla sumarnámskeiðin sem minnst
- Umræða um stefnu í ofbeldis- og eineltismálum
  - Siðareglur og áætlanir eru á heimasíðu félagsins
  - ÍBR býður upp á lögfræðimenntaðan sáttamiðlara sem hægt er að bóka tíma hjá endurgjaldslaust
- Finna tíma fyrir málstofu um skipulag Klifurhússins mtt. veggjanýtingu, æfingaaðstöðu, aðstöðu til kaffispjalls o.fl.
  - Eftir sumar, fyrir árshátíð
  - Senda inn umræðupunkta fyrir fund
  - Skoða hugmyndakassa sem efni fyrir umræðupunkta
  - Halda í Á21
- Finna tíma og skipuleggja Comp style workshop í Á21
  - Frítt fyrir korthafa
  - Þjálfarar á staðnum til að leiðbeina fólki
- Auglýsa fleiri kvöldklifursession í Á21
  - Þarf ekki að vera formleg kennsla bara social hittingur og klifur, bæði kaos og prófa comp leiðir